

A 9-1

Stjórnartíðindi B-deild, Nr. 567/1993

Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 60.-68. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. Eftirtaldar gerðir EBE öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1.-3.

4. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningakerfa.

Sjá bókun 21 að því er varðar beitingu 7. og 11. - 20. gr. reglugerðarinnar.

5.-9.

Framangreindar gerðir eru birtar í sértili, samanber auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út gerðir XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í sértili.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðar breytingum, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir

Fylgiskjöl með samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið (EES), XIII. viðauki, bls. 192-198. [Stjórnartíðindi EB, dags. 29.7.1989, Nr. L 220/2]

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2299/89
frá 24. júlí 1989
um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar¹,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins²,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar³,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Farskráningar flugfélaganna fara að meginhluta fram í tölvufarskráningarkerfum (CRS).

Þessi kerfi, ef rétt eru notuð, geta veitt flugfélögum, ferðaskrifstofum og almennum ferðamönnum mikilvæga og gagnlega þjónustu þar sem með þeim fæst á auðveldan hátt aðgangur að nýjustu og bestu upplýsingum um flugferðir, fargjöld og laus sæti, einnig má nota þau til farskráningar og í sumum tilvikum til að gefa út farseðla og brottfararspjöld.

Misnotkun, sem felst í því að þátttakendum eða áskrifendum er meinaður aðgangur að kerfunum eða mismunandi þegar gögn eru útveguð, vistuð eða birt eða þeir eru látnir sæta ósanngjörnum skilyrðum, kann að hafa mjög óhagstæð áhrif fyrir flugfélög, ferðaskrifstofur og að lokum neytendur.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á beitingu 85. gr. og 86. gr. sáttmálans.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2672/88⁴ er veitt undanþága frá ákvæðum 1. mgr. 85. gr. sáttmálans að því er varðar samninga um sameiginleg kaup á tölvufarskráningarkerfum, þróun þeirra og rekstur.

Lögboðnar starfsreglur sem ná til allra tölvufarskráningarkerfa og/eða miðlunarkerfa, sem í boði eru og/eða notuð eru innan bandalagsins, geta tryggt að kerfin séu notuð á augljósan hátt og án mismununar, að viðhöfðum tilteknum öryggisráðstöfunum, og þannig sneitt hjá misnotkun þeirra um leið og stuðlað er að æskilegri samkeppni á milli flugfélaga og milli tölvufarskráningarkerfa og á þann hátt verndað hagsmuni neytenda.

Eigi er rétt að leggja kvaðir á söluaðila tölvufarskráningarkerfa eða á móður- eða aðildarflugfélög gagnvart flugfélagi frá landi utan bandalagsins sem á eða hefur umráð yfir, eitt eða með öðrum, öðru farskráningarkerfi sem hvorki lýtur þessum starfsreglum né öðrum sem sambærilegar eru.

Æskilegt væri að setja ákvæði um rannsóknir á kærnum og hvernig þeim skal fylgt eftir sé ekki farið að starfsreglum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

¹ Stjtið. EB nr. C 294, 18. 11. 1988, bls. 12.

² Stjtið. EB nr. C 158, 26. 6. 1989.

³ Stjtið. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 32.

⁴ Stjtið. EB nr. L 239, 30. 8. 1988, bls. 13.

Reglugerð þessi tekur til tölvufarskráningarkerfa sem í boði eru eða notuð á yfirráðasvæði bandalagsins til miðlunar og sölu á flugþjónustu án tillits til:

- stöðu eða ríkisfangs kerfisseljanda,
- hvaðan þær upplýsingar sem notaðar eru koma og hvar móðurtölvan sem um ræðir er niður komin,
- hvað flugþjónustan á sér stað.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) "flugþjónusta": áætlunarflug með farþega, þar með talin öll viðbótar- og sérþjónusta sem því fylgir og boðin er til sölu og/eða seld sem hluti af farþegaflugi;
- b) "tölvufarskráningarkerfi": tölvukerfi þar sem er meðal annars að finna upplýsingar flugfélaga um:
 - ferðaáætlanir,
 - laus læti,
 - fargjöld og
 - aðra tengda þjónustu
 ýmist með eða án búnaðar til
 - farskráningar
 - farseðlaútgáfu
 að því marki sem áskrifendur fá aðgang að þessari þjónustu að hluta eða að fullu;
- c) "miðlunarkerfi": búnaður sem kerfisseljandi lætur áskrifanda eða neytanda í té til að afla sér upplýsinga um ferðaáætlanir flugfélaga, laus sæti, fargjöld og aðra tengda þjónustu og til farskráningar og/eða útgáfu farseðla og til að veita aðra þjónustu sem þessu tengist;
- d) "kerfisseljandi": fyrirtæki og eignatengd fyrirtæki sem bera ábyrgð á rekstri eða markaðssetningu tölvufarskráningarkerfis;
- e) "móðurflugfélag": flugfélag sem er kerfisseljandi eða á eða hefur umráð yfir kerfisseljandi, beint eða óbeint, eitt eða ásamt öðrum;
- f) "aðildarflugfélag": flugfélag sem hefur gert samning við kerfisseljanda um miðlun flugþjónustu sinnar gegnum tölvufarskráningarkerfi. Að því marki sem móðurflugfélag notar eigið tölvufarskráningarkerfi, telst það vera aðildarflugfélag;
- g) "áskrifandi": einstaklingur eða fyrirtæki, þó ekki aðildarflugfélag, sem samkvæmt samningi eða á grundvelli annars fyrirkomulags við kerfisseljanda notar tölvufarskráningarkerfi til að selja almenningi flugþjónustu milliliðalaust;
- h) "neytandi": sá sem leitar sér upplýsinga um og/eða áformar að kaupa flugþjónustu;
- i) "aðalskjáfirilit" tæmandi og hlutlaust yfirlit á skjá með upplýsingum um flugferðir milli borgartvennda á tilteknu tímabili, þar sem meðal annars er að finna allar beinar ferðir með aðildarflugfélögum;
- j) "ferðatími": tíminn milli áætlaðs brottfarar- og komutíma;
- k) "þjónustuauki": öll sú vara eða þjónusta, önnur en miðlunarkerfi, sem kerfisseljandi býður á eigin vegum áskrifendum eða neytendum í sambandi við tölvufarskráningarkerfi;
- l) "áætlunarflug" röð flugferða sem hver um sig einkennist af öllum eftirfarandi atriðum:

- ferðin er farin í loftfari ætluðu til farþegaflutninga eða til flutnings á farþegum og vörum og/eða pósti gegn greiðslu og með þeim hætti að einstök sæti í hverri flugferð eru boðin almenningi til kaups (annaðhvort beint frá flugfélagi eða af viðurkenndum umboðsaðila þess),
- flugið er milli sömu tveggja eða fleiri staða annaðhvort:
 1. eftir útgefinni tímaáætlun, eða
 2. með ferðum sem eru svo reglulegar eða tíðar að augljóst er að um skipulega röð flugferða er að ræða.

3. gr.

1. Kerfisseljandi sem býður upp á miðlunarkerfi fyrir áætlunarflug með farþega skal veita hvaða flugfélagi sem vera skal aðgang að kerfinu á jafnréttisgrundvelli og án mismununar eftir því sem rými viðkomandi kerfis leyfir og með fyrirvara um tæknilegar takmarkanir sem ekki eru á valdi seljandans.
2.
 - a) Kerfisseljanda er óheimilt
 - að setja ósanngjörn skilyrði fyrir samningi við aðildarflugfélag,
 - að krefjast þess að flugfélagið samþykki viðbótarskilyrði, sem í eðli sínu og samkvæmt viðtekinni viðskiptavenju eru óviðkomandi þátttöku í tölvufarskráningarkerfi hans, og skal að öðru leyti setja sömu skilyrði fyrir sams konar þjónustu.
 - b) Kerfisseljanda er óheimilt að gera að skilyrði fyrir þátttöku í tölvufarskráningarkerfi sínu að aðildarflugfélag hjá honum eigi ekki jafnframt aðild að öðru tölvufarskráningarkerfi.
 - c) Aðildarflugfélag hefur rétt til að segja upp samningi við kerfisseljanda, án viðurlaga, með fyrirvara, sem þarf ekki að vera lengri en sex mánuðir, þó skal hið minnsta vera liðið heilt ár af samningstímanum áður en hann fellur úr gildi.
3. Búnaður sem kerfisseljandi lætur í té til að sækja gögn og vinna úr þeim skal standa öllum flugfélögum til boða án mismununar.
4. Ef kerfisseljandi gerir endurbætur á miðlunarkerfi því sem hann lætur í té eða búnaðinum sem notaður er við þessa þjónustu, skal öllum aðildarflugfélögum gefinn kostur á að nýta hvort tveggja með sömu skilyrðum, með fyrirvara um tæknilegar takmarkanir á hverjum tíma.

4. gr.

1. Aðildarflugfélög og aðrir sem leggja fram gögn til tölvufarskráningarkerfa skulu tryggja að þau séu ítarleg, nákvæm, ekki villandi og skýr.
2. Kerfisseljanda er óheimilt að hagræða gögnum þeim sem um getur í 1. mgr. á þann hátt að veittar upplýsingar verði ónákvæmar, villandi eða leiði til mismununar.
3. Kerfisseljandi skal jafn vandlega og jafn tímanlega vista og vinna úr öllum þeim gögnum sem aðildarflugfélög leggja fram, með fyrirvara um takmarkanir á vistunaraðferðum sem einstök aðildarflugfélög hafa valið og þá stöðluðu uppsetningu sem kerfisseljandinn notar.

5. gr.

1. Kerfisseljandi skal sjá notendum fyrir aðalskjáflirliti sem sýnir upplýsingar frá aðildarflugfélögum um áætlanir, fargjöld og laus sæti til einstaklinga á skýran, skilmerkilegan og óhlutdrægan hátt og án mismununar, einkum hvað varðar röðina sem upplýsingarnar birtast í.

2. Kerfisseljandi má hvorki af ásetningi né gáleysi birta ónákvæmar eða villandi upplýsingar, og samanber 5. mgr. 9. gr., einkum:
 - skulu viðmiðunarreglur um hvernig ber að raða upplýsinga ekki vera í neinum tengslum við það hvert flugfélagið er, hvorki beint né óbeint, og skal þeim beitt án mismununar gagnvart öllum aðildarflugfélögum,
 - þegar sett er saman og valin áætlunarleið milli borgatvennda er öll mismunun milli flugvalla er þjóna sömu borg óheimil.
3. Röðun flugferða sem í boði eru á aðalskjáfiriliti daginn eða dagana sem spurt er um skal vera eins og kveðið er á um í viðaukanum, nema neytandi fari fram á annað vegna tiltekinna viðskipta.

6. gr.

Kerfisseljandi skal einungis veita tölfraðilegar eða annars konar upplýsingar, sem tölvufarskráningarkerfið tekur saman og ekki eru hluti af miðlunarkerfinu, eins og hér segir:

- a) upplýsingar um einstakar farskráningar skulu látnar jafnt í té flugfélagi eða flugfélögum sem reka þá flugþjónustu sem farskráningin nær til;
- b) heildarupplýsingar eða aðrar upplýsingar þar sem ekki kemur fram hver í hlut á, veittar að beiðni eins flugfélags, skulu standa öllum aðildarflugfélögum til boða án mismununar;
- c) aðrar upplýsingar sem tölvufarskráningarkerfið tekur saman skulu gerðar aðgengilegar að fengnu samþykki flugfélagsins sem í hlut á og með fyrirvara um samkomulag milli kerfisseljanda og aðildarflugfélaga;
- d) persónulegar upplýsingar sem ferðaskrifstofa tekur saman um neytanda skulu ekki veittar öðrum en þeim sem hlut eiga að viðskiptunum, nema að fengnu samþykki neytandans.

7. gr.

1. Skuldbindingar sem hvíla á kerfisseljanda samkvæmt 3.-6. gr. gilda ekki um móðurflugfélag í landi utan bandalagsins ef tölvufarskráningarkerfi þess fellur ekki að reglugerð þessari eða ef flugfélög innan bandalagsins eiga þess ekki kost að starfa við skilyrði sambærileg þeim sem kveðið er á um í reglugerð þessari.
2. Skuldbindingar sem hvíla á móður- og aðildarflugfélögum samkvæmt 8. gr. gilda ekki um tölvufarskráningarkerfi undir stjórn flugfélaga í landi utan bandalagsins ef móður- eða aðildarflugfélag starfa þar ekki við skilyrði sambærileg þeim sem kveðið er á um í reglugerð þessari og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2672/88.
3. Kerfisseljanda eða flugfélagi sem áformar að hagnýta sér ákvæði 1. eða 2. mgr. ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um áform sín og ástæður þeirra að minnsta kosti fjórtán dögum áður en það grípur til aðgerða. Í undantekningartilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt, að beiðni seljandans eða hlutaðeigandi flugfélags, að veita undanþágu frá fjórtán daga reglunni.
4. Þegar framkvæmdastjórninni berst tilkynningin skal hún tafarlaust ákvarða hvort um sé að ræða mismunun í skilningi 1. og 2. mgr. Ef svo er skal framkvæmdastjórnin tilkynna það öllum kerfisseljendum eða hlutaðeigandi flugfélögum í bandalaginu sem og aðildarríkjunum. Sé ekki til að dreifa mismunun í skilningi 1. eða 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin tilkynna það kerfisseljandanum eða hlutaðeigandi flugfélagi.

8. gr.

1. Móður- eða aðildarflugfélagi er óheimilt að tengja notkun áskrifanda að tilteknu tölvufarskráningarkerfi við neins konar umboðslaun eða annars konar þóknun fyrir sölu eða útgáfu farseðla vegna flugþjónustu sem það lætur í té.
2. Móður- eða aðildarflugfélagi er óheimilt að krefjast þess að áskrifandi noti tiltekið tölvufarskráningarkerfi við sölu eða útgáfu farseðla vegna flugþjónustu sem það sjálf lætur í té, beint eða óbeint.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á þá skilmála sem flugfélag kann að setja ferðaskrifstofum er það heimilar þeim sölu og útgáfu farseðla vegna flugþjónustu sem það lætur í té.

9. gr.

1. Kerfisseljanda ber að veita öllum áskrifendum aðgang að öllu miðlunarkerfi tölvufarskráningarkerfis síns án mismununar.
2. Kerfisseljandi skal eigi krefjast þess að áskrifandi undirriti einkasamning við sig né heldur koma í veg fyrir, beint eða óbeint, að hann gerist áskrifandi að eða noti annað eða önnur kerfi.
3. Kerfisseljandi sem býður einum áskrifanda þjónustuauka skal bjóða öllum öðrum áskrifendum hið sama án mismununar.
4. Kerfisseljanda er óheimilt að setja ósanngjörn skilyrði fyrir samningi við áskrifanda meðal annars heimilt, án viðurlaga, að segja upp samningnum við kerfisseljanda með fyrirvara, sem þarf ekki að vera lengri en þrjú mánuðir, þó skal hið minnsta vera liðið heilt ár af samningstímanum áður en hann fellur úr gildi.
5. Kerfisseljandi skal tryggja, annaðhvort með tæknilegum ráðum eða samningi við áskrifanda, að séð verði fyrir aðalskjáfliti fyrir hver einstök viðskipti og að áskrifandinn hagræði ekki gögnum tölvufarskráningarkerfisins með þeim hætti að neytendur fái rangar eða villandi upplýsingar eða upplýsingar sem fela í sér mismunun. Þó er áskrifanda heimilt að kalla fram í hvert sinn er viðskipti fara fram önnur skjáflit til að verða við óskum neytandans.
6. Kerfisseljanda er óheimilt að krefjast þess að áskrifandi noti tæknibúnað þann sem í boði er en hann getur hins vegar krafist þess að áskrifandinn noti búnað sem samhæfa má hans eigin kerfi.

10. gr.

1. Kerfisseljandinn skal gera öllum að greiða sama gjald, án mismununar, og skal það vera í sanngjörnu hlutfalli við útlagðan kostnað vegna þjónustunnar sem innt er af hendi, einkum og sér í lagi skal sama greiðsla koma fyrir sams konar þjónustu.
2. Sé þess óskað, ber kerfisseljanda að láta í té þeim sem hafa viljað upplýsingar um starfsreglur þær sem í gildi eru, gjöld, búnaðinn sem kerfið hefur upp á að bjóða og aðferðir við notkun og val skjáflita. Kerfisseljanda er þó eigi skylt samkvæmt ákvæði þessu að veita upplýsingar um t.d. hugbúnað sem nýtur einkaréttarverndar.
3. Allar breytingar á gjöldum, skilmálum eða búnaði sem í boði er og ástæður fyrir þeim skal tilkynna öllum aðildarflugfélögum og áskrifendum án nokkurrar mismununar.

11. gr.

1. Að fenginni kærú eða að eigin frumkvæði skal framkvæmdastjórnin hefja aðgerðir til að binda enda á brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.
2. Þessir aðilar geta lagt fram kærú:
 - a) aðildarríki;
 - b) einstaklingar eða lögpersónur sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

3. Framkvæmdastjórnin sendir þegar í stað lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum afrit af öllum kærnum og umsóknum ásamt afritum af mikilvægum skjölum þar að lútandi sem hún hefur fengið eða sent frá sér meðan málið er í meðferð.

12. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leita nauðsynlegra upplýsinga hjá aðildarríkjunum og hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að geta innt af hendi þær skyldur sem á hana eru lagðar með reglugerð þessari.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita frest, sem eigi er skemmri en einn mánuður, til að skila umbeðnum upplýsingum.
3. Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eru staðsett.
4. Í beiðninni ber framkvæmdastjórninni að skýra frá lagalegum rökum og tilgangi þeim sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.
5. Eigendum fyrirtækja eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónu er að ræða eða félag eða fyrirtæki aðila eða samtök sem ekki hafa réttarstöðu lögpersóna, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt reglugerð þessari. Í þessu skyni er embættismönnum sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð heimilt að:
 - a) skoða bókhald og önnur viðskipti
 - b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og öðrum viðskiptaskjölum:
 - c) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum:
 - d) fá aðgang að öllu húsnæði, landsvæðum og ökutækjum fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja.
2. Embættismenn tilnefndir af framkvæmdastjórninni sem heimild hafa til þessara rannsókna skulu framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi. Framkvæmdastjórninni ber, með góðum fyrirvara, að tilkynna aðildarríkinu þar sem rannsóknin fer fram um fyrirhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar.
3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem framkvæmdastjórnin fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast; skýra skal frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins.
4. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir sem greint er frá í 3. mgr. að höfðu samráði við aðildarríkið þar sem rannsóknin á að fara fram.
5. Embættismönnum aðildarríkisins þar sem rannsóknin fer fram er heimilt að aðstoða embættismenn framkvæmdastjórnarinnar við rannsóknina að beiðni aðildarríkisins eða framkvæmdastjórnarinnar.

6. Ef fyrirtæki neitar að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt grein þessari ber hlutaðeigandi aðildarríki að veita embættismönnum framkvæmdastjórnarinnar alla nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi.

14. gr.

1. Vitneskju, sem aflað er þegar ákvæðum 12. og 13. gr. er beitt, má einungis nota að því er varðar viðkomandi beiðni eða rannsókn.
2. Með fyrirvara um ákvæði 11. og 20. gr. er framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að reglugerð þessari er beitt og eru þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða yfirlita sem ekki fela í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

15. gr.

1. Veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur, eða séu ófullnægjandi upplýsingar veittar, skal framkvæmdastjórnin krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins.
2. Framkvæmdastjórnin sendir jafnframt afrit af ákvörðuninni til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eru staðsett.

16. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 50 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:
 - a) veita rangar upplýsingar í svari við beiðni samkvæmt 12. gr. eða veita ekki upplýsingar áður en veittur frestur rennur út;
 - b) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar rannsókn fer fram eða neita að gangast undir rannsókn samkvæmt 1. mgr. 13. gr.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að sekta kerfisseljanda, móðurflugfélag, aðildarflugfélag og/eða áskrifendur fyrir brot á reglugerð þessari um allt að 10% af ársveltu hlutaðeigandi fyrirtækis. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.
3. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. fela ekki í sér dóm um refsivert athæfi í skilningi hegningarlaga.

17. gr.

Dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu í skilningi 172. gr. sáttmálans til að fjalla um lögmæti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um sektir; honum er heimilt að fella niður sekt, hækka hana eða lækka.

18. gr.

Við beitingu 16. gr. skal nota evrópska mynteiningu (ECU) þá sem notuð er við fjárlagagerð bandalagsins í samræmi við 207. og 209. gr. sáttmálans.

19. gr.

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir eins og kveðið er á um í 16. gr. skal hún veita hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í þeim málum sem framkvæmdastjórnin andmælir eða hefur andmælt.

2. Telji framkvæmdastjórnin eða lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ástæðu til, er þeim einnig heimilt að veita öðrum einstaklingum eða lögpersónum færi á að gefa skýrslu. Verða skal við beiðni þessara aðila um tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

20. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 16. gr.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

21. gr.

1. Reglugerð þessi gildir frá 1. ágúst 1989 um öll tölvufarskráningarkerfi áætlunarflugs með farþega.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 9. gr. reglugerðar þessarar ekki gildi fyrr en 1. janúar 1990 að því er varðar tölvufarskráningarkerfi sem hafa höfuðstöðvar og aðalumsvif í bandalaginu fyrir 1. ágúst 1989. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita undanþágur í tólf mánuði til viðbótar fyrir tölvufarskráningarkerfi, sem af tæknilegum ástæðum er ekki unnt að laga að ákvæðum þessum fyrir 1. janúar 1990.

22. gr.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á landslög um öryggi, allsherjarreglu og gagnavernd.

23. gr.

Ráðið skal taka ákvörðun um endurskoðun reglugerðar þessarar eigi síðar en 31. desember 1992, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem leggja skal fram eigi síðar en 31. mars 1992 ásamt skýrslu um beitingu reglugerðarinnar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 1989,
Fyrir hönd ráðsins,

H. NALLET
forseti

VIÐAUKI

REGLUR UM RÖÐUN

Almennar reglur

1. Þegar hægt er að koma því við skal aðalskjáflirlit ætíð sýna tengiflug aðildarflugfélaga í gegnum að minnsta kosti níu tengistaði. Aðildarflugfélag getur krafist þess að óbeint flug sé einnig tekið með svo fremi samanlögð lengd flugleiðarinnar fari ekki yfir 130% af lengd stórbaugsbogans milli flugvallanna. Ekki er nauðsynlegt að taka með tengistaði ef samanlögð lengd flugleiðanna fer yfir 130% af stórbaugsboganum.
2. Kerfisseljandi skal eigi setja aðalskjáflirlit upp á þann hátt að einhver tiltekinn ferðakostur skipi þar sérstakan sess eða að þar séu sýndir óraunhæfir ferðamöguleikar.
3. Ef kerfisseljandi kys að birta upplýsingar frá öðrum en aðildarflugfélögum um áætlanir þeirra eða fargjöld milli tveggja borga skulu þær upplýsingar vera nákvæmar, ekki villandi og án mismununar gagnvart upplýsingum frá aðildarflugfélögum.
4. Ef upplýsingar um fjölda ferða með beinu flugi eða um nöfn hlutaðeigandi flugfélaga eru ekki tæmandi skal það skýrt tekið fram á viðkomandi skjáflirliti.

Reglur um áætlunarflugferðir

1. Röðun áætlunarflugferða sem í boði eru á aðalskjáflirliti daginn eða dagana sem um er spurt skal vera eins og hér segir, nema neytandi fari fram á annað vegna tiltekinna viðskipta:
 - i) allar beinar flugferðir án millilendingar milli hlutaðeigandi tveggja borga.
 - ii) aðrar beinar flugferðir, þar sem ekki er skipt um loftfar, á milli hlutaðeigandi tveggja borga;
 - iii) tengiflugferðir.Neytanda skal a.m.k. gefinn kostur á að fá aðalskjáflirlit þar sem raðað er eftir brottfarar- eða komutíma og/eða lengd ferðatíma. Ef neytandinn fer ekki fram á annað skal á aðalskjáflirliti raðað eftir brottfarartíma fyrir flokk i) en lengd ferðatíma fyrir flokka ii) og iii).
 2. Veita skal ítarlegar upplýsingar um þær áætlunarflugferðir sem hafa í för með sér millilendingu, skipti á loftfari, skipti á flughöfn og/eða tengiflug með sama flugnúmeri. Farið skal með tengiflug með sama flugnúmeri á sama hátt og önnur tengiflug.
-